

# **Náttúrufræðistofnun Íslands**

**Halldór G. Pétursson 1999:**

**Nánumöguleikar á vegarkaflanum Gilsá-Hofteigur á Jökuldal.**

**Greinargerð til Vegagerðarinnar á Reyðarfirði.**

## Nánumöguleikar á vegarkaflanum GILSÁ-HOFTEIGUR á Jökuldal

Dagana 15 og 16 júní s.l. kannaði undirritaður nágrenni vegarkaflans Gilsá-Hofteigur á Jökuldal. Könnunin beindist að því að finna hugsanleg námusvæði þar sem vinna mætti neðra og/eða efra burðarlag í þjóðveginn um dalinn, en fyrirhugað er að endurbyggja hluta af honum í sumar. Miklar straumvatnamyndanir finnast á Jökuldal, en vandamálið er hve grófgerðar þær eru og því var leitað að “fíngerðara” seti. Í þessum áfanga var ekki grafið í setmyndanirnar en það getur reynst nauðsynlegt til að þekkja betur, úbreiðslu, þykkt og gerð námuefnisins. Könnunarsvæðin sem hér er fjallað um hafa verið merkt inn á meðfylgjandi loftmyndir.

**Svæði A:** Er á suðurbakka Gilsár, niðurundir Jökulsá. Þarna er um að ræða stakan hól, sem í eru fornar gryfjur og að þeim er gamall vegslóði. Efni er sandur/möl og steinar/hnullungar og hlutfall hinna smærri kornastærða mun hærra en annars staðar á þessu svæði. Auk þess er minni grjótdreif á yfirborði. Sennilega má hér vinna tölувert efnismagn, e.t.v.  $10.000 \text{ m}^3$  eða meira og útkast grófs efnis þarf ekki að verða mikið. Ekki á að vera þörf á því að kanna þetta svæði með gröfu, en hugsanlega má einnig vinna efni meðfram vegslóðanum nær þjóðveginum. Það efni er þó sennilega grófara og þar þarf að grafa.

**Svæði B:** Hér er sethjallinn við Skjöldólfssstaði stærstur, en sennilega er tömt mál að ræða hér um efnisvinnslu, því að á hjallanum eru tún og undir honum byggingar. Þess má þó geta að hann virtist gerður úr fíngerðum kornastærðum (sandur) og einnig getur leynt í honum jökulruðningur.

**Svæði C:** Er rétt innan við Fremsta Rjúkanda og þarna er gömul náma. Hér má hugsanlega vinna efni í efra burðarlag. Efni sem er sandur/möl og steinar/hnullungar, virðist hreint og inniheldur tiltölulega hátt hlutfall af grófu efni (20-80 cm), sem má brjóta. Hjallinn sem efnið finnst í er gróinn. Það þarf því að fjarlægja nokkuð af jarðvegi. Búast má við að grófa efnið sé “utan á” hjallanum og innar sé komið í “fínt” efni t.d. sand. Sést í hann í gamall námu næst fossgilinu. Sennilega þarf því náman að verða á lengdina. Hér er nauðsynlegt að grafa og kanna allt efni nánar.

**Svæði D:** Er á lægri hjalla niður undir Jökulsá, á tungu á milli Fremsta og Mið? Rjúkanda. Að svæðinu er enginn vegur og efni virðist hér heldur fínna en t.d. í hjallanum sem vegur, hlaða og fjárhús standa á. Uppgræðslutilraunir virðast í gangi á hjallanum og ekki er ástæða til að grafa í hann nema hentugt efni finnist ekki í nágrenninu.

**Svæði E:** Er ofan við veg, á bakka Ysta Rjúkanda. Hér er um tiltölulega “fíngert” efni að ræða og lítið af grjóti. Sennilega er þetta uppgróin árkeila frá Ysta Rjúkanda og þetta svæði er nauðsynlegt að kanna með gröfu. Hugsanlegt efnismagn af stærðargráðunni  $5.000 \text{ m}^3$ .

**Svæði F:** Er hjallabrun ofan við Jökulsá og virtist mér efnið verða “fíngerðara” til suðurs. Efnisvinnsla gæti þó orðið nokkuð erfið hér á brúninni og er því sennilega ekki ástæða til að kanna svæðið frekar nema í hallæri. Hér eru berir melar á yfirborði.

**Svæði G:** Hjalli meðfram vegi, sem virðist aðallega vera möl og smáir steinar. Þetta svæði verður að kanna nánar. Hér eru berir melar á yfirborði.

**Svæði H:** Mikið melaflæmi, sem aðallega virðist vera sandur/möl og steinar. Gamlar gryfur eru hér, en þær eru af einhverjum orsökum grunnar (ca. 1 m). Þetta svæði þarf allt að kanna með gröfu, bæði ofan og neðan vegar, eins merkt hefur verið á myndinni.

**Svæði I:** Hér er gömul gryfja í keilulaga landform, rétt utan við Sauðá. Efni er hér möl og steinar og lítið af grjóti. Töluvert efni gæti leynst hér undir jarðvegi og túnum (5-10.000 m<sup>3</sup>). Hér er nauðsynlegt að grafa og jarðsími gæti orðið hér til vandræða. Efnið virðist verða grófara í átt að Sauðá.

**Svæði J:** Er á hjalla á bakka Teigarár, niður við Jökulsá. Slóði er að svæðinu, en þarna eru grónir móar, sem verður að fjarlægja ef af efnisvinnslu verður. Efnið virðist eitthvað “fínna” en í næsta nágrenni, en það er ekki ástæða til að kanna þetta svæði nánar nema í hallæri.

**Svæði K-1:** Er melholt ofan vegar, en í gamalli námu við girðingarstæði sést í tiltölulega hreint, “fíngert” efni (möl/steinar) en gróft úrkast virðist nokkuð. Hér er um mikið efnismagn að ræða sem kanna þarf nánar með greftri, því hér má hugsanlega vinna efra burðarlag.

**Svæði K-2:** Næsta melholt utan við, en í jarðýtusári þar sést í enn þá “fíngerðara” efni. Hér er einnig um mikið efnismagn að ræða sem kanna verður nánar með greftri.



**Svæði L:** Er á bökkum Staðarár, en þar er gömul gryfja, sem í virðist tiltölulega “fíngert” efni. Lítið efnismagn virðist eftir í gryfjunni, en fullástæða til að kanna nánar svæðið í næsta nágrenni með gröfu.

**Svæði M:** Efnisgryfja utan við Hofteig. Í þessari gryfju sést bæði “fínt” og gróft efni og virðist hér vera nokkuð úrkast. Talsvert efni er hér eftir í gryfju (5.000m<sup>3</sup>) og af einhverjum ástæðum aðeins farið um 2 m niður. Hér virðist full ástæða til frekari könnunar.

Akureyri 18.06. 1999

Halldór G. Pétursson, jarðfræðingur  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Hafnarstræti 97  
600 Akureyri












D ?  
alt?

mymrl









ash

H

ash



SE RD RIKSINS

AUSTURLANDSVEGUR

UM TEIGRA

901-08

Indd 5 cinn '96



MELKIV

VE





